

FW: Vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði
Málsnúmer : 2020100011
Málsaðili : Dýrleif Ýr Örlygsdóttir
Skráð dags : 29.09.2020 08:49:23
Höfundur : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [ATT00001.cATT00001.c](#)

[Deiliskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020-1.pdf](#)[Deiliskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020-1.pdf](#)

Sæl Bryndís

Kynnum þetta fyrir bæjarráði.

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

-----Original Message-----

From: Helena Skaptason Jónsdóttir
Sent: mánudagur, 28. september 2020 17:13
To: Birgir Gunnarsson
Cc: rareapartments@gmail.com
Subject: Vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði

Sæll Birgir,

Sem Verkefnastjóri á Flateyri sendi ég þér þennan póst í umboði Dýrleifar Ýr Örlygsdóttur og Þórunnar Ásdísar Óskarsdóttur, tveggja af eigendum Sólbakka 6 og Bergshúss á Flateyri en fyrirtæki þeirra rekur í þessum húsum gistingu fyrir ferðamenn.

Til stendur að fara í uppbyggingu á svæðið í hlíðunum fyrir ofan Tankinn svokallaða, rétt utan við Flateyri. Hér með er óskað eftir vilyrði Ísafjarðarbæjar fyrir því að á svæðinu gætu umsækjendur og fyrirtæki þeirra staðið að uppbyggingu á Glamping Flateyri.

Tekið er fram að sótt verður um styrk til hluta af vinnu við verkefnið en umsækjendur og aðrir eigendur fyrirtæksins munu leggja fram eigin vinnu og fjármagn til verkefnsins.

Verkefnið felst í að byggja upp lúxus tjaldgistingu á Flateyri, svokallað “Glamping”. Um er að ræða allt að tíu 23ja fermetra upphitð tjöld, sem verða hönnuð að innan með fagurfræði, þægindi og upplifun að leiðarljósi. Tjöldin yrðu dreifð með nokkru millibili inn á milli rjóðra í hlíðunum fyrir ofan Tankinn. Gætt yrði að því að framkvæmd yrði bæði umhverfisvæn og afturkræf og svæðið teiknað upp af fagaðilum.

Markmið verkefnisins er að byggja upp alveg nýja tegund upplifunar í ferðapjónustu í Önundarfirði og ná þannig til fleira ferðafólks og gera Flateyri og nærumhverfi enn meira aðlaðandi. Í markaðsátaki verður lögð áhersla á að gestir njóti þess sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða; veitingastaða og afþreyingarmöguleika svo sem hina ýmsu afþreyinga- og útivistarmöguleika sem í boði eru.

Með því að byggja upp jákvæða og nýstárlega ferðaupplifun í nálægð við náttúruna, með magnað útsýni yfir fjörðinn, má telja líklegt að það leiði til jákvæðra og eflandi áhrifa á svæðinu í heild. Tjöldin eru tekin niður að hausti og sett upp að vori.

Framkvæmd verkefnisins byggir á þeirri forsendu að sveitarfélagið styðji við verkefnið og gefi leyfi til notkunar á því svæði sem

um ræðir, en um er að ræða svæði sem samkvæmt deiliskipulagi eru skilgreind sem „opin svæði til sérstakra nota“ (merkt græn á pdf skjali um deiliskipulag) og „verslunar- og þjónustusvæði“ (merkt gul á pdf skjali um deiliskipulag). Sjá í meðfylgjandi skjali.

Þar sem umsóknarfrestur um styrki til nýsköpunar- og samfélagsverkefna á Flateyri rennur út á 30. september n.k. kl. 16 er óskað eftir jákvæðu vilyrði um að þetta geti orðið. Gert er ráð fyrir að erindi þetta þurfi að fara fyrir bæjarráð svo að formlegt leyfi fáiast.

Hljójar kveðjur og bestu þakkir,

f.h. Dýrleifar Ýr Örlygsdóttur og Þórunnar Ásdísar Óskarsdóttur

Helena Jónsdóttir
Verkefnastjóri á Flateyri

Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri
661 7808 - helenaj@isafjordur.is